

# MARGIT SANDEMO

SAGAN  
— UM —

# Ísfólkið

Dauðasyndin 5



MARGIT SANDEMO



SAGAN  
UM

Ísfólkið

Dauðasyndin 5



# Dauðasyndin

Sagan um Ísfólkið 5  
Dauðasyndin

© Margit Sandemo, 1982  
Bókin heitir „Vänskap“ á frummálinu.

© Katrin Agency, 2013  
Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2013

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir  
© kápa: Katrin Agency, 2012  
Hönnun kápu: Jentas

ISBN 978-9979-64-024-0 (epub)

Samningar er varða verk höfundar, þýðingu, kápu og útlit texta og notendarétt á þeim eru í eigu © Katrin Agency.

[www.jentas.is](http://www.jentas.is)  
[www.isfolkid.is](http://www.isfolkid.is)  
[www.galdrameistarinn.is](http://www.galdrameistarinn.is)

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

# Sagan um Ísfólkið

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn fyndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.


Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með líferni sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.

# Ísfólkið

Afkomendur Pengils hins illa, um árið 1200



VETURINN 1625...

Cesilja Meiden stóð í stafni þegar skipið skreið inn til Kaupmannahafnar. Veðrið hafði verið leiðinlegt og seinkun orðið talsverð. Febrúarmyrkrið lá yfir öllu og vetrarneþjan smaug gegnum merg og bein. Cesilja blés yl í fingurna öðru hverju, þótt hún væri með góða vettlinga. Hún gat ekki hugsað sér að styðjast við tjargaðan borðstokkinn svo hún steig ölduna til að halda jafnvæginu. Það var svo notalegt að fá sjávarloftið í andlitið. Svo var eins og maður ætti heiminn þegar maður stóð í stafni skips á ferð.

Hún hugsaði með ónotatilfinningu um undanfarnar vikur. Hvernig í ósköpunum hafði hún farið að því að klúðra lífi sínu svona? En það hafði þó ekki allt verið hennar sök.

Ég get ekki hitt Alexander Paladin aftur, sagði hún enn einu sinni við sjálfa sig. Ég get ekki horft framan í hann án þess að hann sjái að ég veit um þennan skelfilega löst hans.

Það var ótrúlegt hversu sársaukafullt hafði reynst að komast að þessu. Cesilja hafði aldrei skilgreint með sjálfri sér hvaða þýðingu Alexander hafði í raun í lífi hennar.

Hún minntist fyrstu funda þeirra. Hrædd, óörugg og döpur vegna sorgarfrétta að heiman um pláguna, hafði hún verið nýbyrjuð sem barnfóstra við dönsku hirðina. Þá hafði Alexander óvart komið inn á herbergi hennar og í stuttum samræðum tekist að vekja með henni lífskraftinn aftur. Henni hafði strax líkað vel við hann og síðan hafði hann stutt hana í hremmingum og gegn öfund innan hirðarinnar. Návist hans hafði alltaf glatt hana mjög.

Hann var í riddaraliði konungs, glæsímenni, sterkur og

valdsmannslegur útlits. Dökkhærður, með skarpa drætti og angurvært brosi... brosið sem seinna, með óbeinum hætti þó, varð henni að falli.

Alexander Paladin hafði alltaf verið lokaður og hlédrægur. Hann hafði látið í ljós að honum líkaði vel við hana, en ekkert meira.

Hann var maður sem mátti treysta... sannur vinur sem sýndi henni umhyggju. Hví var svona sárt að komast að leyndarmáli hans? Ætti hún, af ætt Ísfólksins og hins frjálslynda Meidenfólks, ekki að vera nógu víðsýn og skilningsrík? Af hverju varð hún svona miður sín? Það var Þorri, hinn ungi frændi hennar, sem bjó yfir svo mikilli þekkingu og hafði svo óvenjulegt innsæi í mannssálina, sem hafði skýrt fyrir henni vanda Alexanders. Þau höfðu spjallað saman meðan hún var heima í Noregi í löngu jólafríi.

Hvernig hafði hún brugðist við? Auðvitað með hræðslu og hryggð og eflaust var það eðlilegt. Hafði samt verið nauðsynlegt að fleygja sér í faðm unga prestsins, Martins, bara af því hann brosti sama dapra brosi og Alexander og að þeir voru á margan hátt líkir?

Aldrei hafði Cesilja iðrast neins jafn innilega og stutts fundar þeirra Martins í kirkjugarðsskúrnum. Skelfing hafði það verið lágkúrulegt. Tvær manneskjur, einmana, bitrar og vonsviknar, í þörf fyrir ást eða... til að orða það réttilega... mökun.

Nú var hún spillt. Ef hún skyldi einhvern tíma giftast yrði hún að standa verðandi manni sínum skil og játa að hún væri ekki hrein mey.

Hvernig brygðist hann við? Myndi hann snúa við henni baki?

Skipið lagðist að bryggju.

Enginn tók á móti henni, þrátt fyrir að vitað væri við hirðina að hennar var von. Þótt skipinu hefði seinkað mátti auðveldlega sjá til þess frá höllinni.



Nú yrði hún að komast leiðar sinnar upp á eigin spýtur... um óupplýstar götur þar sem alls kyns þakk skreið úr fylgsnum sínum á næturnar. Hún sá engan á skipinu sem hún gæti orðið samferða.

Cesilja tók fast um ferðatösku sína, dró djúpt andann eins og til að styrkja sig og gekk í land.

Gegn vilja sínum tók hún sig út úr mannfjöldanum á upplýstum hafnarbakkanum og gekk upp á mannlaust torg þar sem öllum búðum hafði löngu verið lokað. Aldrei þessu vant var Cesilja Meiden smeyk. Sunna af ætt Ísfólksins, sem hún líktist svo mikið, hefði litið á þetta sem áskorun. Sunna hefði notið myrkurs og vissra ögrana og líklega fagnað árásarmönnum, bara til að fá að reyna hvers hún var megnug. En Cesilja bjó ekki yfir valdi Ísfólksins þótt hún væri af ættinni. Hún gat ekki treyst á neinn nema sjálfa sig.

Hún vissi þó hvernig dama átti að haga sér. Við hirðina var hún alltaf dama fram í fingurgóma. Aðeins heima hjá sinni elskulegu, hlýju fjölskyldu skvetti hún ögn úr klaufunum.

En að fleygja sér í fang prestsins... Cesilja laut höfði eins og skömmustulegur nemandi frammi fyrir kennara eða hundur sem forðar sér með skottið milli lappanna. Hún skammaðist sín sárlega fyrir það sem hún hafði gert.

Eina afsökun hennar var sú að séra Martinius hafði átt frumkvæðið. Hefði hann ekki snert hana og hvíslað forfærandi orðum um einmanaleika og þrá hefði þetta aldrei gerst.

En það var lítil huggun. Hún hafði verið meira en fús!

Cesilja komst auðveldlega spottakorn upp frá höfninni. Aðeins tvær portkonur kölluðu til hennar að halda sig frá þeirra svæði.

Vandræðin hófust þegar örstutt var eftir til hallarinnar.

Hún þurfti yfir enda þvergötu sem var nánast full af háværum skara fólks sem sást ekki nema um nætur. Útigangsmenn, drykkjurútar, götudrósir og glæpamenn höfði kveikt bál í hálmi

á miðri götunni, þar sem þau yljúðu sér og bölvuðu ranglæti lífsins.

Cesilja hikaði en hún varð að komast yfir. Með öndina í hálsinum reyndi hún að láta sem minnst á sér bera og hraða sér fram hjá hópnum, Álengdar sá hún upplýst torgið framan við höllina. Þar loguðu líka bál en þar voru hestar og riddarar og líf af allt öðru tagi.

Þetta var bara smáspölur en fullur af hættum og skelfingu. Hún var nær alveg komin yfir og í þann veginn að varpa öndinni léttar þegar hún heyrði hæðnislega rödd rétt fyrir aftan sig og stífnaði af hræðslu.

-Nei, hvað er að sjá? sagði röddin og Cesilja fann gripið í yfirhöfn sína. Hún sneri sér snögg við og sá tannlausan, glottandi munn í frekjulegu karlmannsandliti. Hér þýddi lítið að leika fína og sjálförugga hefðardömu. Betra væri að flýja af hólmi en bíða niðurlægjandi ósigur. Hún sleit sig lausa og tók til fótanna.

Tveir menn komu á hæla hennar.

-Náðug ungrúin má halda dyggð sinni ef við fáum töskuna, sagði annar og seildist eftir henni.

Cesilja brást við með verri hliðinni af Ísfólksarfinum. Að vísu nefndi hún ekki að þeir væru of seint á ferð til að ræna hana dyggðinni en hóf töskuna á loft og sveiflaði henni af öllum kröftum að mannum. Höggið var allþungt því hann hrökklaðist frá.

Annar kom í staðinn og þegar hún gat hlaupið af stað aftur voru enn tveir á eftir henni.

Í þann mund sem hún kom að hallartorginu náðu þeir henni. Cesilja sá riddara á hestum á hreyfingu í bjarmanum frá báli. Svo greip annar mannanna fyrir munninn á henni og reyndi að draga hana til baka inn í þröngu götuna en hinn togaði í töskuna.

Cesilju tókst aftur að slíta sig lausa og rak upp óp áður en þeim tókst enn að þagga niður í henni.

En einhverjir riddaranna höfðu heyrt til hennar og áttað sig á aðstæðum. Tveir tóku sig út úr hópnum og komu til hjálpar. Árásarmennirnir slepptu henni þegar í stað og hurfu inn í myrkrið í sundinu.

-Er allt í lagi, ungfrú? spurði skeggjaður yfirmaður.

-Já. Þakka ykkur kærlega fyrir, svaraði hún andstutt. Hún gat varla staðið á fótunum.

Annar riddari kom upp að hlið hennar. -En þetta er Cesilja! sagði kunnugleg rödd glaðlega. -Kæra vinkona.

Hún leit upp. Í bjarmanum frá eldunum sá hún Alexander og það gladdi hana ólýsanlega. Ljóta leyndarmálið hans var gleymt, hún sá bara kæran vin sinn á hestbaki, í gljáandi brynju og svartri skikkju, með fjöðrum skreyttan hatt og í háum stígvélum.

-Alexander! Hún brosti sínu breiðasta.

Hann laut niður og greip í útréttar hendur hennar. -Ertu að koma frá Noregi núna?

-Já. Skipinu seinkaði og enginn tók á móti mér.

Hann tautaði eitthvað um hugsunarlaust hirðfólk. -Ég vissi það ekki, sagði hann. -Auk þess vorum við að æfa heiðursvörð hér í kvöld...

Alexander sneri sér að félögum sínum og sagðist þurfa að fylgja ungfrú Meiden inn í höllina. Svo steig hann af baki og fól næsta manni hestinn.

-Mikið er gott að sjá þig aftur, Cesilja, sagði hann vingjarnlega meðan þau gengu að hallarhliðinu. -Kaupmannahöfn hefur verið tómleg án þín. Hvernig hefur þér liðið?

-Það var svo gott að komast heim aftur, Alexander! Svo tók hún í ákafa að lýsa lífinu á Grásteinshólma.

Alexander Paladin lagði handlegginn yfir axlir hennar. -Það er

svo gott að sjá þig svona glaða, kæra vinkona.

Þá fyrst mundi hún eftir þessu hræðilega. Karlmennska hans var ekki henni ætluð. Ósjálfrátt færði hún sig ögn fjær og hann sleppti takinu. Þögul gengu þau fram hjá verðinum og inn í hægri álmu hallarinnar.

Þegar þau komu að herbergisdýrum hennar, nam hann staðar og sagði í hálfum hljóðum: -Ég finn að þú veist það.

Cesilja kinkaði kolli. Í bjarmannum frá vegglömpunum voru augu hans nær svört og óendanlega dapurleg.

-Hver sagði þér það?

-Þorri frændi. Sá sem læknað, ég hef sagt þér frá honum.

-Já. Hvernig tókstu því?

Henni fannst óskaplega erfitt að tala um þetta. Hana langaði mest til að hlaupa inn fyrir og læsa að sér en slíka framkomu átti hann ekki skilið.

-Ég skildi þetta ekki fyrst... aðstæður þínar, meina ég. Ég hafði aldrei heyrt um neitt slíkt áður og botnaði ekki í því. Svo varð ég bara miður mín og...

Hún þagnaði.

-Og? hvíslaði hann hvetjandi.

-Leið, hvíslaði hún.

Alexander stóð þögull um stund. Cesilja horfði niður í gólfið. Hún var með ákafan hjartslátt.

-En áðan þegar þú sást mig, sagði hann lágt. -Það virtist gleðja þig.

-Það gerði það. Ég var búin að gleyma hinu.

-En núna?

-Hvað meinarðu?

-Ég vil endilega vera vinur þinn, Cesilja.

Gæti hún ráðið við slíka vináttu? Var hún nógu sterk til að leyna andúð sinni? Það yrði auðmýking fyrir hann ef hann skynjaði fyrirleitningu hennar og þöglar ásakanir.

Þá mundi hún það sem gerst hafði milli þeirra séra Martiniusar og skömmin altók hana. Hvað átti hún með að setja sig á háan hest?

-Við erum vinir, Alexander, sagði hún óskýrri röddu. -Það veistu.

-Takk, Cesilja.

Hún brosti vandræðalega og tók um hurðarhúninn. Hann skildi það og kyssti á hönd hennar í kveðjuskyni.

-Hvenær ferðu úr bænum? spurði hann svo.

-Til Dalum-klausturs?

-Nei, konungsbörnin eru í heimsókn á Friðriksborg.

-Einmitt? Þá veit ég ekkert. Ég spyrst fyrir á morgun.

-Gerðu það. Ég vil gjarnan vita það. Góða nótt, vinkona.

Cesilja horfði á eftir þessum hávaxna, glæsilega manni fram eftir ganginum. Hann var í fasi eins og gralriddari og þeir voru líka kallaðir paladínar, svo hann bar nafn sitt með sóma.

Bara einn ljótur, óskiljanlegur galli spillti myndinni af flekklausa riddaranum.

Það var ekki fyrr en hún var komin inn að hún áttaði sig á því að henni hafði láðst að spyrja af hverju verið væri að æfa heiðursvörð við höllina.

STRAX DAGINN EFTIR heyrði hún sögusagnir. Staða Alexanders var næsta ótraust og það voru aðeins hæfileikar hans og vinátta konungs sem hafði bjargað honum frá dýpstu vansæmd. Minnst var á málaferli en hún náði því ekki alveg. Hún hafði miklar áhyggjur því þrátt fyrir allt hafði hún innilega samúð með honum.

Cesilja hafði ekki verið marga daga í Kaupmannahöfn áður en hún uppgötvaði einkavanda sinn. Ævintýrið með Martin, stutt og vanhugsað, hafði haft afleiðingar.

Það var versti dagurinn í lífi Cesilju.



Fyrst var hún eins og lömuð, síðan milli vonar og ótta. Hún gekk gegnum allt það sem konur allra tíma hafa þolað eftir vanhugsað ástarævintýri. Aðra stundina kreppti hún hnefana svo hana verkjaði í handleggina en hina reyndi hún að telja sér trú um að þetta væri útilokað, hún yrði ekki viss fyrr en eftir margar vikur.

Svo fauk í hana. Hún formælti unga prestinum og kallaði hann öllum illum nöfnum en sætti sig svo við að sökin var líka hennar. Hún hafði ekki beinlínis barist á móti.

En nú voru góð ráð dýr.

Enn var þetta alveg nýtt. Raunar var bara hálfur mánuður síðan hún hafði hitt Martin í skúrnum við kirkjugarðinn. Hún gat ekki verið svo viss.

En Cesilja hafði sterkt hugboð um að hér væri alvara á ferðum.

Meðan hún beið þess að fara úr borginni var henni falið að perlusauma kjól handa Önnu Katrínu, dóttur konungs og Kirstenar Munk, en henni sóttist verkið seint. Mynstrið rann saman fyrir augum hennar og í staðinn sá hún lítt uppörvandi framtíðarsýnir með barni sem enginn vildi og sjálf var hún útskúfuð og yrði að taka út refsingu...

Cesilja stundi og reyndi að einbeita sér að útsaumnum.

Eftir þrjá daga færi hún með hestvagni til Friðriksborgar.

En hér sat hún nú, í vandræðalegri stöðu. Ef ástand hennar uppgötvaðist yrði engin miskunn sýnd. Henni yrði að minnsta kosti vísað frá hirðinni með smán og hugsanlega yrði hún sett í gapastokkinn. Síðan yrði hún útskúfuð alla ævina.

Cesilja hafði fengið að vita vissu sína þann sama morgun. Henni hafði verið illt og nú var hún komin viku fram yfir, hún sem alltaf var á réttum tíma upp á dag.

Allan daginn velti hún vandanum fyrir sér.

Hún vísaði fljótt á bug því róttækasta. Vissulega voru til leiðir til að losa sig við fóstur... púla eins og hestur, dansa þar til

maður gat ekki staðið lengur, lyfta þungum hlutum, leita til *viturra* kvenna, taka inn lyf...

Cesilja var bara ekki alin upp í að drepa.

Undir kvöldið hafði hún tekið ákvörðun sem reyndar róaði hana ekki ýkja mikið. Bara að hún hefði haft betri tíma til að undirbúa sig. Ef ekki lægi svona mikið á. Hún mátti ekki missa einn dag.

Ákveðin en smeyk fór hún heim til Alexanders Paladin.

-Hans náð er ekki heima, svaraði dyggur þjónn hans og Cesilja missti nánast kjarkinn. -Hann er í riddaraálmunni.

-Ó! Hvenær get ég hitt hann?

-Ég veit það ekki, Meiden barónessa. Hann er önnum kafinn núna. Hans hátign er að undirbúa stríð við kaþólikka og verið er að safna liði.

Cesilja hafði ekki áhuga á stríðinu þá stundina. Hún vissi heldur ekkert um framgöngu útsendaranna í Noregi og örlög frænda sinna. Hún hafði verið farin frá Grásteinshólma. Hún sá bara klípu augnabliksins.

Hún sem hafði kviðið því svo mjög að sjá Alexander var nú áköf að hitta hann. Henni gramdist töfin.

-Hvað á ég að gera? hvíslaði hún gráföl. -Það er svo áriðandi! Það liggur svo mikið á.

Þjónninn hikaði. -Ef þú vilt koma inn get ég reynt að senda eftir hans tign.

Cesilja hugsaði um hinn kostinn, gapastokkinn. Hann var ekki girnilegur. -Já, takk.

Hún fylgdi honum inn og lagði svo höndina á handlegg hans. Hann stansaði strax.

-Segðu mér, sagði Cesilja hikandi. -Ég heyrði ógnvekjandi sögusagnir. Á vinur okkar, markgreifinn, erfitt núna?

Andlit þjónsins stífnaði þótt hann reyndi að láta ekki á neinu bera. En hann vissi að Alexander og Cesilja voru vinir og sá

kvíðann og hlýjuna í augum hennar.

-Mjög erfitt, barónessa. Ástandið er mjög alvarlegt. Fresturinn er nokkrir dagar. Svo er það búið.

Cesilja kinkaði kolli. -Réttarhöldin?

-Já.

Fleiri orð voru óþörf. Hann vísaði henni inn í fallegu stofuna og hvarf svo.

Þótt orð hans hefðu auðveldað henni erindið fann hún ekki til neins sigurhróss. Hún þurfti að bíða drjúga stund og það róaði hana ekki beinlínis. Hún var sveitt í lófunum. Hún gekk eirðarlaus um gólf og virti fyrir sér hvern einasta hlut í stofunni.

Allt var afar vandað. Hér var erfðagóss af fínustu gerð. Húsgögn frá endurreisnartímanum, heimskort sem hún botnaði lítið í, fallegar bækur... Alexander hlaut að vera vel efnum búinn. En nú gat ekkert ríkidæmi bjargað honum.

Loks heyrði hún hratt fótatak hans í anddyrinu og Cesilja hrökk við þar sem hún stóð við málverkin af forfeðrum hans. Hún fann blóðið þjóta fram í vangana og með kreppta hnefana starði hún óttaslegin á dyrnar. Nú reið á að koma orðunum rétt út úr sér.

Hurðinni var hrundið upp og Alexander kom inn, afar óþolinmóður í fasi.

-Hvað er að, Cesilja? Sendiboðinn sagði að það væri áriðandi og ég var í miðjum skipulagsfundi.

Hún var stíf af kvíða. -Þarftu að flýta þér til baka?

-Já, helst.

-Geturðu fórnað mér hálf tíma?

Hann hikaði. -Helst minna ef mögulegt væri. Ríkisráðinu féll illa að ég fór.

-Fyrirgefðu, hvíslaði hún niðurlút. -Ég skal vera stuttur þótt þetta sé mál sem ekki er hægt að leysa í hvelli. Ég vildi að ég

hefði nokkra daga.

-Sestu, sagði hann öllu hlýlegar og settist andspænis henni. -Ég sé að þú átt erfitt. Hvað er að?

Mikið var hann myndarlegur, andlitsdrættirnir voru svo meitlaðir og augun svo aðlaðandi. En þessa stundina skipti slíkt engu. Hún sem hafði verið búin að ákveða hvernig hún ætlaði að leggja málið fyrir, mundi skyndilega ekki orð af því.

-Alexander... ég vil gera þér tilboð en þú mátt ekki halda að ég vilji með því skaða þig eða særa.

Hann hnyklaði brúnirnar.

-Það er ekki kúgun, stamaði hún. -Ég veit að þú átt erfitt núna en ég styð þig, mundu það.

Hann beið enn átektu en hún fann að hann fjarlægðist hana.

Cesilja lét slag standa. -Ég þarfnast hjálpar þinnar. Ég örvænti. Honum virtist líða illa. -Peningar?

-Nei, nei! En ég held að jafnframt geti ég... hjálpað þér.

Þetta gekk ekki sem best. Hann stífnaði við síðustu orð hennar.

Cesilja neri saman höndum og krækti saman fingrum og stundi innra með sér. -Ég veit að þú ert í erfiðri stöðu. Ég þekki ekki smáatriðin en...

Nú endurtók hún sig. Hún var búin að segja þetta.

-Haltu áfram, sagði hann stuttaralega. -Hvernig þarftu hjálp mína?

Cesilja kyngdi. -Ég segi það bara. Þegar ég var heima um jólin gerði ég skelfilega og ófyrirgefanlega skyssu sem ég get ekki einu sinni réttlætt með sjálfri mér. Í morgun uppgötvaði ég að ég er ófrísk.

Alexander greip andann á lofti.

-Það er bara hálfur mánuður síðan. Ég veit líka að þú átt á hættu að verða rekinn og kannski láta lífið vegna... veikleika þíns. Svo virðist sem ýmislegt hafi gerst í fjarveru minni.

-Já, svaraði hann eftir nokkurt hik og stóð upp eins og hann

þyldi ekki að horfa í augu hennar. Hann sneri baki við henni og spurði: -Þú manst kannski eftir Hans hinum unga?

-Já.

-Hann yfirgaf mig vegna annars manns.

Þetta hljómaði furðulega. Eins og venjuleg ástarsorg.

Alexander hélt áfram: -Þeir voru staðnir að verki og nýi vinurinn nefndi nafn mitt. Hann sagðir að Hans hafi sagt sér allt um mig.

Cesilja skildi kvöl hans. -En Hans?

-Hann er nógu dyggur til að neita og ég er honum þakklátur. En enginn virðist trúá honum. Ég er í skelfilegri klemmu, Cesilja.

Hann sneri sér að henni og settist aftur. Nú þorði hann að horfa framan í hana fyrst allt var sagt. -Málið verður tekið fyrir eftir nokkra daga og ég þarf að standa fyrir mínu og sverja við Biblíuna. Ég er strangtrúaður og meinsæri er óhugsandi.

-Getur ekki einu sinni konungur bjargað þér?

-Hann trúir mér... enn. Ef hann kemst að því að ég hef logið að honum er úti um mig.

Cesilja kinkaði kolli. Hún gat ekkert sagt en skildi hvað slík niðurlæging þýddi fyrir stoltan mann eins og Alexander. Hann yrði ofurseldur lýðnum og gæti sætt ofsóknum á götum úti...

-Hver var hann? spurði hann lágt.

Þar með færði hann umræðuna að hennar vanda. Það kom henni á óvart því hún hafði gleymt því sem snöggvast.

En henni hlýnaði um hjartarætur af áhuga hans.

Hún varð að líta undan. -Góðvinur fjölskyldunnar, svaraði hún. -Prestur í mjög óhamingjusömu hjónabandi, sveltur af mannlegri hlýju. Þetta var svo lágkúrulegt og alveg ónauðsynlegt.

-En af hverju, Cesilja?

-Bara að ég vissi það. Einmitt þá virtist það samt mjög



nauðsynlegt.

Alexander brosti og var greinilega skemmt í aðra röndina. -Þú tjáir þig sérkennilega en ég veit hvað þú meinar. Stundum virðist slíkt einmitt mjög nauðsynlegt.

Hann horfði rannsakandi á hana um stund.

-Ég þarf að vita meira um manninn, þú skilur það eflaust. Greindur?

-Svo sannarlega. Og góður og göfuglyndur. Hann lenti bara í óviðráðanlegum aðstæðum. Konan hans er hrein mey og aftekur allt annað. Ég hef hins vegar enga afsökun.

-Er hann ólíkur mér útlits?

-Nei, alls ekki, síður en svo, sagði hún áköf. -Það ætti ekki að vera vandamál.

Hún þagnaði snögglega og roðnaði.

Alexander beit í hnúana. -Ég skil áætlun þína. Ertu viss um að þú viljir þetta?

-Annars hefði ég ekki komið. Þetta var ekki auðveld ákvörðun, því máttu trúa.

-Ég trúi því. En þú hefur bara íhugað málið síðan í morgun.

-Tíminn skiptir öllu í þessu, þú sérð það eflaust.

-Vitaskuld, en ég hef áhyggjur af einu atriði.

-Hverju?

-Af hverju einmitt *hann*?

-Því skyldirðu hafa áhyggjur af einmitt *því*?

-Sérðu það ekki? Hugsaðu þig um, Cesilja.

Hann hafði skilið það! Hvað þeir Martin voru líkir.

Hún rétti úr sér í stólnum. -Ég játa að um tíma var ég sár og ringluð af því þú vildir ekki nálgast mig. En þú mátt trúa því að allar væntingar mínar varðandi þig hlutu snöggan og kaldan dauðdaga þegar Þorri skýrði fyrir mér tilhneigingar þínar.

-Samt gafstu þig manni sem líktist mér?

-Köllum það síðustu glæðurnar, sem köfnuðu svo við það. Ég

er læknuð og hreinsuð af því. Ég er sterk kona. Þú myndir ekki lenda í vandræðum með mig. Þú gætir lifað þínu lífi og ég mínu.

-Þetta væri ekki sanngjarnt gagnvart þér. Þú ert ung og...

Augljós andúð hans var meira en Cesilja þoldi. Skömmin brenndi hana hið innra. Hún stóð snögglega upp.

-Fyrirgefðu, sagði hún lágt. -Gleymdu þessari siðlausu umleitan minni.

Hún hraðaði sér til dyra en hann varð á undan. Hann tók fast um upphandleggi hennar og horfði logandi augum framan í hana.

-Cesilja, ekki taka þetta sem auðmýkingu, vertu svo væn. Þú ert mér svo kær. Ég tek tilboði þínu fagnandi, þú ert hálmstrá drukknandi manns, sérðu það ekki? Orð þín fylla mig hamingju og von á ögurstundu minni. Ég er bara að hugsa um þig, elsku vinkona. Þú veist ekki út í hvað þú vilt fara.

-Hvaða kosti hef ég?

-Það er líka rétt. Fyrirgefðu að ég hikaði, þú hefur skynjað það sem höfnun. Ég hlífi þér við þeirri auðmýkingu að biðja mig frekari ásjár. Nú er komið að mér að segja það sem málið skiptir og hefur ekki enn borið á góma. Vináttu mína áttu óskipta, það er öruggt. Þú veist líka að þú eignast aldrei ást mína. Hjónabandið yrði aldrei fullnað þannig.

-Ég veit það. Ég get lifað án þess.

Hann horfði hugsandi á hana. -Geturðu það? Það er mikil fórn. Meiri en þig grunar núna.

-Ég fékk næga andúð á kynlífi fyrir hálfum mánuði til að endast mér í mörg ár, því máttu trúá.

Alexander kinkaði kulli annars hugar. Hann horfði á hana en hugsanir hans virtust víðsfjarri.

Cesilja stóð þögul og fitlaði við hanskana sína. Hún var að hugsa um það sem í vændum væri ef Alexander miskunnaði sig ekki yfir hana. Auðvitað gæti hún farið heim og látið elskulega